



Starfsmannafélag Reykjavíkur. Vegna lífeyrissjóðagjalda 1939

Bjarni Benediktsson – Starfsmannafélag Reykjavíkur. Vegna lífeyrissjóðagjalda 1939

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reynt

12. dec., 1939.

Fyrir allöngu síðan rituðum vér yður, og fórum þess á leit, fyrir hönd Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar, að sótt yrði af Bæjarstjórnarinnar hálfu um viðurkenningu Tryggingarstofnunar Ríkisins á Eftirlaunasjóði Reykjavíkurbæjar, svo að starfsmenn bæjarins mættu verða aðnjótandi þeirrar ívilnunar á greiðslu lífeyrissjóðsgjaldsins, sem tryggingarlögin heimila þeim, sem tryggðir eru í eftirlaunasjóðum viðurkendum af Tryggingarstofnuninni.

Vér viljum nú fara þess aftur á leit, herra borgarstjóri, að þér beitið yður fyrir því, að sótt verði um þessa umræddu viðurkenningu fyrir Eftirlaunasjóð Reykjavíkurbæjar. Er oss kunnugt um, eftir viðtölum við fulltrúa Tryggingarstofnunarinnar, að ekki mun standa á veitingu viðurkenningarinnar, ef Bæjarstjórnin sækir um hana.

Einsog af líkum má ráða, er starfsmönnum bæjarins mikið áhugamál að fá þessa viðurkenningu fyrir sjóðinn, svo að þeir losni við að greiða þann hluta lífeyrissjóðsgjaldsins í framtíðinni, sem þeir hafa orðið að greiða að undanfögnu vegna þess að skort hefir þessa viðurkenningu á sjóðnum.

Viljum vér í þessu sambandi upplýsa, að ýms félög, sem eftirlaunasjóð hafa, hafa þegar fengið nefnda viðurkenningu Tryggingarstofnunarinnar. Má þar á meðal nefna Prentarafélagið og Kaupfélag Eyfirðinga. Þá mun S. í S. vera í þann veginn að fá viðurkenda eftirlaunasjóði sinna starfsmanna.

Viljum vér að endingu málást eindregið til þess, að undinn verði bráður bugur að því að fá viðurkenningu Tryggingarstofnunarinnar fyrir eftirlaunasjóðnum, og ef mögulegt væri að viðurkenningin yrði látin virka aftur fyrir sig.

Í von um að þessi málléitun vor verði afgreidd hið allra fyrsta, kveðjum vér,

Með mikilli virðingu.

f. h.